

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **2015-084-F-023**

Dags: **21. september 2015**

Staður: **Flugvöllurinn við Höfn í Hornafirði (BIHN)**

Lýsing: **Hlekkist á í flugtaki**

Til stóð að senda mannlaust loftfar Flyox I (S/N 002), sem framleitt er af Singular Aircraft, í annað prófunarflug sitt frá flugvellinum við Höfn í Hornafirði. Tveimur mánuðum fyrr hafði loftfarið farið í sitt fyrsta prófunarflug, einnig frá sama flugvelli. Tilgangur flugprófunarinnar var að prófa flugeiginleika þessa 2,6 tonna



mannlausa loftfars og voru þær framkvæmdar á flugvellinum með leyfi Samgöngustofu og Isavia. Skipt hafði verið um loftrúfu á milli flugprófananna, auk þess sem breytingar höfðu verið gerðar á kælikerfi loftfarsins.

Í flugtaksbruni, náði loftfarið ekki tilætluðum afköstum og fór fram af flugbrautarenda í flugtaksbruninu. Um leið og loftfarið tókst á loft, utan flugbrautarenda, fór það í hátt gras. Flugmaðurinn, sem staðsettur var í stjórnvél utan flugbrautarinnar, sá ekki að loftfarið hóf að klifra og sló af inngjöfinni um leið og hann sá loftfarið fara í hátt gras við enda flugbrautarinnar. Strax í kjölfarið, áttaði flugmaðurinn sig á að loftfarið var komið á loft og setti hann því inngjöfina, snögg, í botn að nýju. Við það að inngjöfin var sett snögg í botn, hallaðist loftfarið á vinstri vænginn, sem lenti í jörðinni og brotlenti það í kjölfarið.

Við rannsóknina kom í ljós að geigstjórn (yaw control) loftfarsins var ábótavant og hafði flugmaður notast við bremsur til þess að halda loftfarinu innan flugbrautar í flugtaksbruninu, en við það skertist afkastageta loftfarsins. Framleiðandi loftfarsins vinnur að endurbótum á hönnuninni í kjölfarið og snúa þær breytingar að hliðarstýri, vökvakerfi og bremsum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 31. desember 2016.